

Safnaðarfélag Grafarvogskirkju – skýrsla formanns

## Framtíðarhorfur Safnaðarfélagsins fyrir árið 2018

Í febrúar 2018 voru þáttaskil í starfi safnaðarfélgs.

Ný stjórn var kosin og endurnýjun átti sér stað: sjö nýjar konur buðu sig fram til starfa ásamt einni eldri stjórnarkonu, og tóku þær allar sæti í nýju stjórninni.

Nýju stjórnarkonur hafa síðan þess verið að setja sig inn í

- \* fjármál félagsins,
- \* atburðadagatal,
- \* félagatal.

Í ljós kom að lítil starfsemi fyrir safnaðameðlimi var í gangi, og nánast engir virkir félagar.

Auglýsingar hafa verið settar upp fyrir Safnaðarfélagssíðuna á Facebook og atburði því tengdu, og “likes” þeirra, sem vilja fylgjast með starfseminni, tvöfölduðust á þremur mánuðum.

Fastir liðir:

- \* Fermingarkyrtlar: Félagið sá um kyrtlana á meðan á fermingum stoð eins og venjulega. Keyptar urðu 10 nýjir kyrtlar.
- \* Páskabingó var á sínum stað og mættu rúmlega 230 manns. Öll spjöldin seldust upp og öll borð voru þétt setin.

Tilraunir að félagsstarfi hafa verið eftirfarandi:

- \* Opið hús verður að föstum lið hjá okkur einu sinni í mánuði. að vera með uppákomur og gefandi samverur. Það hefur verið haldið tvisvar á vorönninni og hefur gefið góða raun.
- \* Gönguhópurinn hefur verið að hittast á tveggja vikna fresti á laugardögum. Hópurinn fór hægt af stað, þátttakendum hefur fjölgað og hann festir sig í sessi.
- \* Þrjónaklúbburinn sem hefur verið starfrækt síðan í janúar 2017 er með rúmlega 240 manneskjur í Facebookhópnum sínum, mæting hefur verið mjög góð á þrjónaklúbbskvöldum. Áformað er að halda áfram að hittast yfir sumartímann eins og í haust tvisvar í mánuði.
- \* Fyrsta vorferð, sem nýja stjórnin skipuleggur, verður farin í lok maí.

Við í nýju stjórninni leitum eftir fremstu megni eftir samráð og góðu samstarfi með sóknarnefndinni og starfsfólk kirkjunnar.

F.H. stjórn Safnaðarfélags Grafarvogskirkju

Guðrún Stella Björgvinsdóttir formaður